

**Aðalfundur Gíggunnar, landssambands íslenskra kvennakóra,
haldinn í Söngskólanum Domus Vox, Laugavegi 116 Reykjavík,
laugardaginn 21.október 2017 kl 14:00**

Stjórnarkonur og varamenn Gíggunnar

Mættar:

Bryndís Bjarnarson formaður
Kolbrún Halldórsdóttir varaformaður
Guðlaug Ásgeirsdóttir gjaldkeri
Una Þórey Sigurðardóttir ritari
Astrid Sörensen varamaður

Fjarverandi:

Petra Jónsdóttir meðstjórnandi
Jóhanna Lind Jónsdóttir varamaður

Eftirtaldir aðildarkórar sendu fulltrúa til aðalfundarins:

Heklurnar; Guðlaug Ásgeirsdóttir, Hólmfríður Anna Aðalsteinsdóttir
Kvennakór Akureyrar; Una Þórey Sigurðardóttir
Kvennakór Hornafjarðar; Bryndís Bjarnarson
Kvennakór Reykjavíkur; Astrid Sörensen, Kolbrún Halldórsdóttir, Rósa Kristín
Benediktsdóttir
Kvennakór Suðurnesja; Aðalheiður Gunnarsdóttir
Senjorítukórinn; Áslaug Benediktsdóttir, Elísabet Þórðardóttir, Sigríður Snorradóttir

Dagskrá aðalfundar

- 1.Skýrsla stjórnar
- 2.Reikningar
- 3.Umræða um skýrslu og reikninga
- 4.Tillögur og lagabreytingar
5. Ákvörðun árgjalds
6. Kosning formanns
- 7.Kosning stjórnar og varamanna
- 8.Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
- 9.Önnur mál

Bryndís Bjarnarson formaður setur fundinn og býður fundargesti velkomna. Bryndís leggur til að Kolbrún Halldórsdóttir varaformaður verði fundarstjóri og Una Þórey Sigurðardóttir ritari. Fundargestir samþykkja tillöguna og Kolbrún tekur við fundarstjórn.

1. Skýrsla stjórnar.

Bryndís Bjarnarson flytur skýrslu stjórnar.

Skýrsla stjórnar 2016-2017

Aðalfundur Gígunnar Landsamband Kvennakóra haldinn þann 21. október 2017 kl 14 í Söngskólanum Domus Vox, Laugarvegi 116 í Reykjavík.

Frá síðasta aðalfundi sem haldin var þann 1. október 2016 í Domus Vox. Ágæt mæting var á aðalfundinn þar sem venjuleg aðalfundarstörf voru tekin fyrir ásamt kynningu á landsmóti kvennakóra sem haldið var þann 11-14. maí sl.

Hefð er fyrir því að halda stjórnskiptifund þar sem gamla stjórnin kveður og ný stjórn skiptir með sér verkum. Stjórnskiptifundur var haldinn þar sem Dagbjört Lára formaður baðst lausnar úr formennsku Gígunnar og Bryndís Bjarnarson varaformaður tók við formennsku félagsins. Kolbrún Halldórsdóttir var kjörin varaformaður, Guðlaug Ásgeirsdóttir gjaldkeri, ritari Una Þórey Sigurðardóttir, meðstjórnandi Petra Jónsdóttir. Varastjórn Astrid Sörensen og Jóhanna Lind Jónsdóttir.

Kolbrún tók að sér að halda utan um pósthólf Gígunnar á fráfarandi ári og gafst það mjög vel ásamt því að hún hafði yfirumsón með heimasíðu Gígunnar gíggjan.is.

Á fráfarandi stjórnarári voru um 1.000 konur skráðar í félagaskrá Gígunnar og 28 aðildarkórar.

Samningur Gígunnar við Fjölís, hagsmunafélags um höfundarrétt var í vinnslu á síðasta stjórnarári. Þórhildur fyrrverandi formaður Gígunnar, ásamt fulltrúum úr öðrum kórasamböndum, hefur verið að endurskoða og gera einn sameiginlegan samning við Fjölís vegna fjölföldunar á nótum. Áður var hvert kórasamband með sinn sérsamning. Nýi samningurinn byggist á meðaltalsnotkun kóranna á höfundarvörðu efni á ári frá árinu 2009. Nokkrir kórar voru pikkaðir út af handahófi og niðurstöður unnar út frá því. Þessi samningsvinna hefur gengið hægt, tafsamt hefur verið að safna gögnum frá kórnum. Grunnur núverandi samninga Gígunnar er frá árinu 2004 og byggist á því að greitt er fyrir 30 blöð á ári á hverja kórkonu. Ljóst er, a.m.k. samkvæmt niðurstöðum frá úrtaki Gígunnar, að þetta er úrelt, magnið er heldur meira og finna þarf út hvað er raunhæft. Gamli samningurinn gildir þar til nýr allsherjar samningur verður tilbúinn. En ekkert hefur heyrst varandi málið frá um áramót.

Landsmót Gígunnar var haldið að þessu sinni á Ísafirði dagana 11.-14. Maí.

Kvennakór Ísafjarðar bauð aðildarkórum Gígunnar heim.

Samkvæmt lögum tónverkasjóðs er heimilt er að veita styrk sem nemur allt að 33% af kostnaði við gerð tónverksins og var það gert.

Ekki voru veittar heiðursviðurkenningar á landsmóti en það er mál sem ný stjórn getur tekið upp því að hætta að veita konum viðurkenningar fyrir kórstörf hefur verið umdeilt.

Landsmótið fór mjög vel fram þar sem áhugaverðar smíðjur voru í boði þar sem sérhæfðir leiðbeinendur sáu um æfingar fyrir hverja smíðju. Það voru ólík þema í smíðjunum. Skemmtilega kvöldvaka var í íþróttahúsinu konur skemmtu sér mjög vel í

dansi og söng. Mótinu lauk með tónleikum allra kóranna þar sem hver kór tók nokkur lög eftir sameiginlega tónleika þar sem lög úr smiðjum helgarinnar voru flutt. Frumflutt var lag eftir heimamanninn Halldór Smáráson að lokum var hátíðarkvöldverður ásamt skemmtidagskrá og dansleik. Fyrir hönd Gíggunnar vil ég þakka Kvennakór Ísafjarðar fyrir frábærar móttökur og gott landsmót.

Formannafundur var haldinn á landsmótinu og var hann mjög vel heppnaður. Ætlunin var að beina sjónum að innra starfi kóranna þar sem formenn sögðu stuttlega frá sínum kór og skiptust á hugmyndum. Formenn og fulltrúar þátttöku kóra kynntu sína kóra og sögðu stuttlega frá innra starfi, svo sem fjáröflunum og skemmtunum. Rekstur kóranna og fjáraflanir er af ýmsum toga en söngurinn og samveran alltaf í fyrirrúmi. Tími fundarins var naumur en þó náðu fundarkonur að eiga skemmtilega og ekki síst fróðlega stund saman. Það er greinilegt að íslenskir kvennakórar blómstra, ekki bara í söng heldur almennt gleði og hugmyndaauði.

Landsmót 2020, í lok formannafundarins og á hátíðarkvöldverðinum var upplýst að Kvennakór Reykjavíkur héldi næsta landsmót íslenskra kvennakóra í Reykjavík árið 2020. Þeim tíðindum var tekið með lófaklappi.

Við hlökkum til að mæta á landsmót í Reykjavík.

Ég þakka fyrir samstarfið á liðnum árum og óska nýrri stjórn velfarnaðar.

Bryndís Bjarnarson formaður.

2. Reikningar.

Guðlaug Ásgeirsdóttir gjaldkeri kynnir og fer yfir reikninga Gíggunnar.

3. Umræða um skýrslu og reikninga.

Engar athugasemdir eru gerðar við skýrslu stjórnar.

Varðandi reikninga. Ársreikningar Gíggunnar eru lagðir fram ósamþykktir þar sem skoðunarmenn náðu ekki að fara yfir reikningana fyrir aðalfund.

Gígjan stendur vel fjárhagslega. Það hefur gengið mun betur að innheimta félagsgjöld eftir að farið var að senda reikningana í heimabanka aðildakóranna. Þrír kórar hafa ekki greitt félagsgjöld síðasta árs, kannað verður hvað veldur.

Spurt var um kostnað vegna aðalfundar. Guðlaug útskýrir að sá kostnaður liggi í leigu á fundarsal og veitingum. Rætt er um hvort ekki megi lækka þann kostnað, a.m.k. vegna leigu á sal, t.d. með því að breyta staðsetningu fundarins.

Einnig er spurt hversu hár styrkur Gíggunnar til landsmótslagsins sé. Guðlaug svarar að Gígjan veiti styrk sem nemur allt að 33% af heildarkostnaði við útsetningu lagsins. Ársreikningar Gíggunnar eru samþykktir með fyrirvara um samþykki skoðunarmanna.

4. Tillögur og lagabreytingar

Engar tillögur komu um breytingar á lögum Gíggunnar.

5. Ákvörðun árgjalds

Ekki talin ástæða til að hækkunar. Samþykkt að árgjald verði óbreytt.

6. Kosning formanns.

Bryndís Bjarnarson gefur ekki kost á sér áfram sem formaður Gíggjunnar. Kolbrún Halldórsdóttir gefur kost á sér til formennsku og er kjörin með lófaklappi.

7. Kosning stjórnar og varamanna.

Nokkrar breytingar urðu á stjórn og varastjórn:

Guðlaug Ásgeirsdóttir og Petra Jónsdóttir hætta í stjórn.

Una Þórey Sigurðardóttir gefur áfram kost á sér í stjórn. Astrid Sörensen varamaður, Hólmfríður Anna Aðalsteinsdóttir, Heklunum og Valgerður Hanna Úlfarsdóttir

Kvennakór Hornafjarðar gefa einnig kost á sér í stjórn

Jóhanna Lind Jónsdóttir hætta í varastjórn.

Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir Kvennakór Suðurnesja og Rósa Kristín Benediktsdóttir

Kvennakór Reykjavíkur gefa kost á sér í varastjórn. Allar voru kjörnar með lófaklappi.

8. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga.

Skoðunarmenn reikninga eru Margrét Hreinsdóttir og Jóna Björg Kristinsdóttir. Þær gefa kost á sér áfram og eru samþykktar.

9. Önnur mál.

a. Útgáfa nótnabókar fyrir kvennakóra.

Tekið var fyrir og rætt erindi frá Margréti Bóasdóttur um útgáfu nótnabókar fyrir kvennakóra sem barst stjórn Gíggjunnar. Í þessari nótnabók yrðu öll landsmótslög og aðrar tónsmíðar sem Gígjan hefur staðið fyrir. Tilefni útgáfunnar væri til dæmis 15 ára afmæli Gíggjunnar árið 2018. Erindi þetta var í skýrslu frá fundi kórstjóra sem haldið var á landsmóti á Ísafirði.

Tilvitnun í erindi Margrétar:

„Þar ættu að birtast öll landsmótslög sem Gígjan hefur kostað og einnig mættu vera kórlög og kórverk sem aðildarkórar hafa látið semja og greitt fyrir. Þetta yrði mjög flott bók og mikið menningarlegt innlegg í kvennakórarstarf landsins“

Margrét býðst einnig til að vera stjórn Gíggjunnar til aðstoðar í sambandi við útgáfu bókarinnar. Stjórn Gíggjunnar samþykkti þessa hugmynd Margrétar á fundi þann 5. okt. Fundarkonur samþykkja og fagna þessari hugmynd og ákveðið er að stefna á útgáfu nótnabókarinnar á næsta ári 2018, 15 ára afmælisári Gíggjunnar. Einnig er rætt um að hafa samband við aðildarkóra Gíggjunnar og leitað eftir efni sem sérstaklega hefur verið samið fyrir kórana. Stjórn Gíggjunnar sendir póst á aðildarkóra og kynnir verkefnið. Jafnframt sé óskað eftir konum til að taka þátt í útgáfunefndinni.

b. Kynnig á landsmóti íslenskra kvennakóra í Reykjavík 2020

Rósa Kristín Benediktsdóttir Kvennakór Reykjavíkur.

Konur í Kvennakór Reykjavíkur byrjuðu strax eftir landsmótið á Ísafirði að taka saman punkta til undirbúnings. Nú þegar er kominn grunnur til að byggja á og undirbúningur

kominn á fullt. Markmiðið er að halda í nándina og stemminguna sem skapast þegar mótin eru haldin á landsbyggðinni. Þær stöllur hafa ákveðnar hugmyndir um staðsetningu og það er komið tilboð í aðstöðu sem hentar en beðið eftir svari. Athugað verður með að halda lokatónleikana í Hörpu en það kostar sitt. Einnig er farið að athuga með styrki og beðið eftir svörum frá styrktaraðilum. Reynt verður að hafa kostnað svipaðann og verið hefur, a.m.k. ekki hærri en eðlilegt megi teljast milli landsmóta. Fljótlega verður kosin landsmótsnefnd og fésbókarsíða landsmótsins verður stofnuð eftir áramót 2017-18.

c. Stjórn Gígjunnar hafa borist auglýsingar eða kynningar á námskeiðum sem eru í boði fyrir kóra og kórstjórnendur í vetur. Þessar kynningar verða sendar til aðildarkóra.

d. Rósa Kristín Benediktsdóttir, Kvennakór Reykjavíkur spyr hvort eitthvað standi til hjá Gígjunni vegna 15 ára afmælis samtakanna á næsta ári. Ekkert hefur verið rætt innan stjórnar en hugmynd borin upp um að láta semja lag, ekkert ákveðið á fundinum. Einnig rætt um afmælistónleika í Hörpu en það þarf að taka ákvörðun um þá með löngum fyrirvara.

e. Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir, Kvennakór Suðurnesja, segir frá afmæli Kvennakórs Suðurnesja.

Kvennakór Suðurnesja verður 50 ára þann 22. febrúar 2018 en kórinn er elsti starfandi kvennakór landsins. Af því tilefni verða haldnir stórir tónleikar í Stapa þar sem flutt verður allskonar tónlist, gömul og ný eftir fólk af Suðurnesjum. Sett verður upp sýning og gefið út blað þar sem sögu kórsins verður gerð skil á margvíslegan hátt. Einnig ráðgerir kórinn ferð til Færeyja næsta vor.

f. Bryndís Bjarnarson, Kvennakór Hornafjarðar, segir frá afmæli Kvennakórs Hornafjarðar. Kvennakór Hornafjarðar á einnig afmæli á næsta ári og verður 20 ára. Af því tilefni ætla þær að æfa lög um og eftir konur og hugmyndin er að halda stutta tónleika á afmælisárinu í félagsheimilum í þeim 6 fyrrverandi hreppum sem nú mynda Sveitarfélagið Hornafjörð.

Að lokum þakkar Bryndís formaður samskiptin á árinu og kveður sem formaður Gígjunnar.

Fleira er ekki rætt á fundinum og fundargestum er þökkun koman og fundarsetan. Fundi er slitið kl 15:00.

Fundargerð ritaði Una Þórey Sigurðardóttir